

FUNDARGERÐ BYGGÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

809. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra haldinn mánudaginn 28. október 2013 kl. 15:30 í fundarsal Ráðhússins.

Dagskrá:

1. Jarðhitasvæðið á Reykjum í Hrútafiðri.
2. Upplýsingar frá aðalfundum Grettisfélaga.
3. Úttekt á Brunavörnum Húnaþings vestra.

Afgreiðslur:

1. Fram lagðar upplýsingar um samskipti sveitarstjóra við ISOR v/ vinnu við samantekt greinargerðar um jarðhitasvæðið á Reykjum í Hrútafirði. Í tölvupóstskeyti dags. 17. október sl. kemur m.a. fram að ISOR er reiðubúið að vinna umbeðna greinargerð fyrir Húnaþing vestra á árinu 2013. Áætlaður kostnaður er um kr. 950.000-. Byggðarráð samþykkir að umrædd greinargerð verði unnin á árinu 2013.
2. Sveitarstjóri lagði fram upplýsingar frá aðalfundum Grettistaks ses., Grettiseigna ehf. og Grettisbóls ehf.
3. Sveitarstjóri gerði grein fyrir því að stjórnarsýsluúttekt Haraldar L. Haraldssonar á Brunavörnum Húnaþings vestra sé lokið. Byggðarráð samþykkir að fá Harald L. Haraldsson til að kynna úttekt sína fyrir sveitarstjórnarmönnum svo fljótt sem unnt verður.

Samþykkt að taka á dagskrá:

4. Lögð fram eftirfarandi tillaga að reglum um úthlutun byggðakvóta fiskveiðiárið 2013-2014:
„Byggðarráð Húnaþings vestra samþykkir eftirfarandi reglur um úthlutun 55 þorskígildistonna byggðakvóta á fiskveiðiárinu 2013/2014:

Ákvæði reglugerðar nr. 665/2013 gilda með eftirfarandi viðaukum/breytingum:

- a) 80% af byggðakvóta Húnaþings vestra verður skipt milli þeirra fiskiskipa sem gerð eru út frá Hvammstanga og fengið hafa úthlutun samkvæmt reglugerð nr. 675/2009 vegna aflabrests á rækju í innanverðum Húnaflóa og uppfylla ákvæði reglugerðar nr. 665 frá 10. júlí 2013, um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðiárinu 2013/2014. Skipting þessara 80% byggðakvóta Húnaþings vestra til ofangreindra skipa skal miða við meðaltal landaðs afla í Hvammstangahöfn sl. þrjú fiskveiðiar í þorskígildum talið.
Viðmiðunarárin eru 3 síðustu fiskveiðiar, nú 2010/2011, 2011/2012 og 2012/2013.
- b) 20% af byggðakvóta Húnaþings vestra verður skipt milli þeirra fiskiskipa sem gerð eru út frá Hvammstanga og skal skipting þessara 20% byggðakvóta Húnaþings vestra miða við meðaltal landaðs afla í Hvammstangahöfn sl. þrjú fiskveiðiar, nú 2010/2011, 2011/2012 og 2012/2013.
- c) Vinnsluskylda samkvæmt 6. gr. reglugerðar nr. 665/2013 er felld niður og því orðast 1. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar þannig: Fiskiskipum er skylt að landa innan byggðarlagsins afla sem nemur, í þorskígildum talið, tvöföldu magni þess aflamarks sem þau fá úthlutað ... o.s.frv.

Rökstuðningur/viðaukar/breytingar frá reglugerð 665/2013 er felast í tillögum Húnaþings vestra eru byggð á eftirfarandi:

- a) Í samræmi við tilmæli Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins, sbr. bréf dags. 16. október 2013, er horft til mögulegrar verðmætaaukningar og atvinnusköpunar sem hafa má af byggðakvóta og því að megintilgangur byggðakvótans sé að stuðla að aukinni atvinnusköpun í byggðarlaginu.
- b) Rökstuðningur sveitarstjórnar er sá að í byggðarlaginu er engin bolfiskvinnsla.

Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

Fundargerð upplestin og samþykkt.

Fundi slitið kl: 15:55

Sigurbjörg Jóhannesdóttir.

Ragnar Smári Helgason.

Stefán Böðvarsson.

Skúli Þórðarson, sveitarstjóri.

Áheyrnarfulltrúar:

Elín Jóna Rósinberg.

Sigurður Kjartansson.